



SJÚKRAHÚSIÐ Á AKUREYRI
AKUREYRI HOSPITAL

Finndu jafnvægið fyrir norðan

Sjúkrahúsið á Akureyri (SAk) leitar að metnaðarfullum sérfræðilæknum sem vilja vera hluti af framtíðarsýn SAk og öflugri heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni.

Finndu jafnvægið fyrir norðan og njóttu þess að starfa í metnaðarfullu teymi SAk þar sem öryggi, samvinna og framsækni eru í fyrirrúmi.

- SAk veitir almenna og sérhæfða heilbrigðisþjónustu með áherslu á bráðapjónustu og helstu sérgreinameðferðir.
- Á SAk er lögð áhersla á góða samvinnu og faglega þróun starfsfólks.
- SAk er kennslusjúkrahús þar sem nýsköpun og lausnarmiðuð hugsun eru lykilþættir.

SAk leggur áherslu á samvinnu við heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni, tekur þátt í uppbyggingu heilbrigðisþjónustu á landsvísu og er miðstöð læknisfræðilegrar þjónustu sjúkraflugs í landinu.

„Ef þú ert opin fyrir ævintýrum og tilbúin að laga þig að nýju umhverfi þá er Akureyri frábær kostur. Mér finnst ég hafa tíma til að gera hlutina vel á SAk og samstarfsfólkið hefur tekið ótrúlega vel á móti mér.“

Danielle Courtney Sheperd
sérfræðingur í barnalækningum á SAk

Akureyri býður upp á frábært samfélag, stuttar vegalengdir, fjölbreytta afþreyingu og einstaka náttúru í seilingar fjarlægð.